

Þitt eigið hlaðvarp



Vinnubók

Smiðjan

1. hluti

Undirbúningur & skipulag



Áður en þú byrjar með þitt eigið hlaðvarp skoðaðu þá af hvernig hlaðvörpum þú hefur gaman. **Færðu inn** myndir af þeim hlaðvörpum sem þú hlustar á ásamt smá texta um hvert umfjöllunarefnið er. Þetta hjálpar þér að fá hugmynd af þínu eigin hlaðvarpi og hvernig þú vilt byggja það upp. Mundu, hlaðvarpið þitt á að vera fræðandi! Reyndu að finna þætti sem eru viðeigandi fyrir það.



Nafn Titill

Tegund

Umfjöllunarefni Útdráttur



Nafn Titill

Tegund

Umfjöllunarefni Útdráttur



Nafn Titill

Tegund

Umfjöllunarefni? Útdráttur



Þegar þú byrjar að hugsa um efni og innihald hlaðvarpsins þarftu að hugsa um hvernig form eða snið verður á þínum þáttum. Á listanum hér fyrir neðan getur þú lesið þig til um kosti og galla mismunandi tegunda þáttagerða. **Merktu við í það box** lýsir sniðinu á þínu hlaðvarpi best.



Viðtalsþættir




Fáðu gesti í þáttinn og taktu viðtal

Kostir Innihaldsríkar samræður sem varpa ljósi á skoðanir eða sögur einstaklinga. Oft fá hlutir nýtt samhengi og hlustendur fá tækifæri að kynnst fólki á nýjan og dýpri máta.

Ókostir Það getur tekið langan tíma að undirbúa viðtöl þar sem það verður að kynna sér baksögu einstaklinga. Góð heimildavinna skilar sér í betri spurningum sem eykur gæði viðtalsins.



Einstaklingshlaðvarp



Bara þú, míkrafónninn og hlustendur á hinum endanum

Kostir Klippi- og eftirvinnsla er auðveld því aðeins er um eina rödd að ræða. Hér gefst einnig tækifæri að ná góðri tengingu við hlustendur.

Ókostir Það þarf sterkan persónuleika til að halda úti þætti ein(n). Það er enginn til að kasta hugmyndum fram og til baka með.



Þallborðsumræður



Þáttur með stjórnanda og nokkrum viðmælendum

Kostir Í þallborðsumræðum er skipst á skoðunum ólíkra aðila og það tekur ákveðna pressu af þáttastjórnanda. Áhugaverð leið til að velta steinum og fá ólík sjónarhorn á málefni.

Ókostir Það getur verið flókið og krefst mikils skipulags að bóka marga einstaklinga í einu. Einnig krefjast þallborðsumræður mikillar lipurð af þáttastjórnanda að fá umræðurnar í þá átt sem hann vill.



Tveir stjórnendur





Samræður milli tveggja þáttastjórnenda

Kostir Tækifæri til að vinna með einhverjum sem þú þekkir vel og hægt er að kasta hugmyndum á milli. Ef góð stemmning myndast milli stjórnenda geta umræður orðið bæði fróðlegar og skemmtilegar.

Ókostir Eftirvinnsla getur orðið flókin þegar unnið er með tvær raddir samtímis og tveir hljóðnemar notaðir. Báðir þáttastjórnendur þurfa að þekkja efnið vel til að halda umræðum flæðandi.

Skipulagning hlaðvarpsins er lykilatriði. Þú skalt huga að hvaða hópur fólks mun hlusta eða nýta sér hlaðvarpið sér til fróðleiks. Útbúðu hugarkort þar sem þú setur fram upplýsingar um aldur, starf- og áhugasvið hlustenda og önnur hlaðvörp sem þeir gætu fílað.





Hér eru nokkrar hugmyndir af skemmtilegum innskotum í þína þáttagerð

Nýjustu fréttir Hvað er nýtt af nálinni tengt þættinum þínum?

Meðmæli Deildu vefsíðu, bók, appi, þáttaröðum, bíómyndum eða einhverju sem þú hefur gaman af með öðrum.

Þjóðleg ráð Það er hægt að veita hlustendum ráð
hvernig má nálgast efni þáttarins eða annað sem tengist
hlaðvarpinu þínu.

Sturlaðar staðreyndir Lumar þú á einhverjum skemmtilegum staðreyndum eða fánýttum fróðleik sem aðrir gætu haft gaman af?

[illegible]

Það er mjög mikilvægt að huga að uppbyggingu þáttarins. Til að halda athygli hlustenda sem best þá er góð skipulagning efnispátta lykilatriði. Skoðaðu dæmin hér að neðan og merktu í þann kassa sem þér líst best á.



Uppbygging A

Uppbygging sem gæti nýst þeim sem eru með einstaklingshlaðvarp

1. Kynning
2. Umræðuefni A
3. Millikafli
4. Umræðuefni B
5. Samantekt
6. Útgöngustef



Uppbygging B

Uppbygging sem gæti nýst í viðtalsþætti

1. Kynning
2. Gestur kynntur til leiks
3. Umræður
4. Samantekt
5. Útgöngustef



Uppbygging C

Uppbygging sem gæti nýst í pallborðsumræður

1. Kynning
2. Helst í fréttum
3. Umræðuefni A
4. Millikafli
5. Umræðuefni B
6. Samantekt
7. Útgöngustef



Annað til að hafa í huga: Spurningar frá aðdáendum, Ákveðið viðfangsefnið krufið til mergjar, Spólað aftur til fyrri þátta

Þegar þú hefur góða hugmynd hvernig þú vilt byggja upp þinn þátt settu þá niður gróft skipulag af einum þætti. Þar sem þú ert að byrja þá er nóg að setja niður gróft skipulag niður á blað. Taktu svo upp prufuþátt þar sem þú prófar hvernig þessi uppbygging virkar. Vertu óhrædd/ur að breyta ef eitthvað er ekki að virka vel. Það er líka góð hugmynd að hlusta á þitt uppáhalds hlaðvarp og heyra hvernig uppbygging þess er.



Segment	Tímalengd	Punktar
Inngöngustef	30 sek	
Kynning		
Útgöngustef	30 sek	


Hlaðvarpið þitt þarf að hafa einhvern grunn sem hægt er að byggja á. Þetta getur verið eitthvað þema (t.d. grín, viðtöl), ákveðið viðfangsefni (t.d. saga, mannréttindi), ákveðin spurning eða hugmynd sem þú eltir (hver er besti knattspyrnumaður allra tíma?). Í þessu verkefni átt þú að reyna að selja hlaðvarpsþáttinn þinn á **1. mínútu í myndbandi**. Þessi æfing þvingar þig að taka saman það sem skiptir máli í þínu hlaðvarpi og þú þarft að rökstyðja af hverju það er áhugavert og fólk ætti að vilja hlusta á það.



Lyftusölugæða

Á einni mínútu ætlar þú að selja hugmyndina af þínum hlaðvarpsþætti. Taktu lyftusölugæðuna upp á myndband. Hér að neðan eru punktar til að styðjast við:

- Hlaðvarpið mitt heitir...
- Grunnhugmynd hlaðvarpsins er...
- Það viðfangsefni sem er tekið fyrir...
- Markhópurinn er... af því að...
- Fólk mun hlusta á þáttinn af því að...



2. hluti

Sköpun og Hönnun



Myndbönd

Hérna getur þú nálgast nokkur myndbönd sem tengjast praktískum atriðum sem tengjast ásýnd hlaðvarpsins þíns og upptökum. Myndskeiðin eru fengin af YouTube rás Björgvins Ívars Guðbrandssonar, kennara í Langholtsskóla. Inni á síðunni er fjöldinn allur af kennslumyndböndum á forrit tengd kennslu og upplýsingatækni.

Smelltu á á textann fyrir neðan myndirnar til að fara inn á myndböndin.

Smelltu hér til að fara inn á YouTube rás Björgvins.



Að hanna vörumerki (logo) fyrir hlaðvarpið



Að semja lag á Garageband (flott fyrir inngangsstef)




Að taka upp hlaðvarp Garageband á iPad

Hannaðu lógó fyrir hlaðvarp fyrir hlaðvarpið þitt. Lógóið þarf að tengjast efni hlaðvarpsins og fanga athygli hlustenda. Það er hægt að nota fjölmörg forrit til að teikna t.d. Procreate, Sketches School eða Keynote. Þú ræður!



Notaðu forrit í tækinu þínu til að semja þitt eigið stef fyrir þáttinn þinn. Notaðu listann hér til viðmiðunar til að athuga hvort það uppfylli skilyrði.



Inngöngustef

- ☐ Endurspeglar stefið þá stemmningu sem þátturinn vill ná fram?
- ☐ Er það að minnsta kosti 10 sekúndur?
- ☐ Er það vandað og faglega unnið?



Fjölmargar síður eru með hljóðbúta af óhöfundaréttarvörðum efni sem hver sem er getur hlaðið niður. Ef tónlistargyðjan er ekki með þér í liði er góð hugmynd að fara á síðuna og velja sér stef. Smelltu á myndina til að fara á síðuna.



Áður en þú ferðað semja þinn eigin hljóðheim fyrir þáttinn þitt þá skaltu hlusta á inngöngustef í öðrum hlaðvörpum. Finndu inngöngustef hjá þremur af þínum uppáhalds hlaðvörpum eða þeim vinsælustu í dag og hlustaðu á þeirra stef. Hversu langt er það? Hvaða tilfinningar koma upp þegar það hlustað er á það? Hvernig stemmningu skapar stefið?



Nafn hlaðvarps:

Lengd stefsins:

Stemmning:



Nafn hlaðvarps:

Lengd stefsins:

Stemmning:



Nafn hlaðvarps:

Lengd stefsins:

Stemmning:

Til að fá flæði í þáttinn þinn er gott að hafa beinagrind af efni þáttarins. Hvað hver gerir fer eftir efni þáttarins og þema en það er gott að prófa sig áfram. Til eru mismunandi leiðir. Hér fyrir neðan eru þrjár leiðir útskýrðar með sínum kostum og göllum; **punktaform**, **handrit** og **tímaseðill**.



Merktu í það box sem þú vilt prófa þig áfram með.




Punktaform

Punktar til að styðjast við

Kostir Gefur rýmir fyrir spuna og þarfnast minni undirbúnings.

Ókostir Minna skipulag getur bitnað á gæðum hlustunar ef eitthvað mikilvægt gleymist eða samræður verða óáhugaverðar.



Handrit

Handrit til að styðjast við eða lesa orð frá orði

Kostir Hentar vel fyrir þá sem eru einir og enginn viðmælandi kemur við sögu. Vel skrifað handrit af þætti kemur með flæði í efnið og virkar fagmannlegt.

Ókostir Það getur verið erfitt fyrir hlustendur að tengjast þeim sem les handritið og þátturinn getur orðið vélrænn í hlustun.



Tímaseðill

Nánast hver mínúta skipulögð

Kostir Mikið flæði og tryggir að allar upplýsingar komast til skila.

Ókostir Krefst mikils undirbúnings og þátturinn getur orðið vélrænn.



Aukaefni

Að taka upp og klippa í iPad



Að taka upp hlaðvarp í GarageBand á iPad

GarageBand er frábært forrit til að taka upp hlaðvarpsþætti enda er forritið beinlínis hannað til þess. Fylgdu leiðbeiningunum að neðan og búðu til þitt fyrsta verkefni. Hafðu eina rás fyrir hljóðnemann þinn og aðra fyrir inngöngustefið þitt.

New Project

Byrjaðu á því að smella á plúsinn efst í hægri horninu til að hefja nýtt verkefni

Audio Recorder

Búðu til rás sem tekur upp röddina þína.

Track View

Veldu að sjá rásirnar þínar með því að ýta á „track view“ uppi vinstra megin

Select Instrument

Þú getur valið á milli rása sem þú vilt vinna með

Kennslumyndband 




Record Button

Ýttu á rauða hnappinn til að taka upp á þeirri rás sem þú velur.

Live Loops

Þú getur búið til lúppur á rásunum þínum t.d. með inngöngustefið



New Project




Forstillingar til að hafa í huga

Áður en þú byrjar að taka upp eru nokkrar forstillingar sem þú verður að breyta. Hér fyrir neðan er listi yfir þau atriði sem gott er að hafa í huga. Gangi þér vel.




Forstillingar

Nokkur atriði til að hafa í huga



1. Notaðu heyrnartól í upptökum
2. Slökktu á taktmælinum
3. Smelltu á + og stilltu 'Song Sections' á 'Automatic' þannig að þú getur tekið lengur upp en 8 taktbil.
4. Hafðu það í huga að hafa upptökuna og hljóðið í grænu svo það heyrir ekki of hátt.
5. Við minnum á YouTube rás Björgvins Ívars þar sem nálgast má kennslumyndbönd á GarageBand í iPad.



Klipping og eftivinnsla

Það eru nokkrar leiðir til að klippa efni í GarageBand. Auðveldasta leiðin er að taka allt upp á eina rás og svo búa efnið niður í mismunandi „klippur“. Fjölmörg kennslumyndbönd eru á YouTube um aðrar leiðir en við mælum með því að prófa sig áfram, gera mistök og halda svo áfram!



Menu

Smelltu á „menu“ til að fá yfirlit yfir rásirnar




Skæri (scissors)

Notaðu „Split“ til að búa niður upptökuna.




Dragðu

Notaðu fingurna þína til að færa klippur um rásirnar.



Vistaðu

Pegar þú ert sátt/ur við það sem þú hefur tekið upp og ert búin/n að vinna efnið vistaðu þá hljóðskrána þína. Þú getur gert þetta með því að ýta á „Share”. Við mælum með því að þú vistir skrána sem „Project” eða „Song” skrá sem er í mp4 formi.




Files er forritið sem geymir upptökurnar þínar. Gott er að halda vel á skipulagi þeirra þar.

Taktu upp þáttinn þinn!

Taktu upp þátt og skilaðu honum samkvæmt fyrirmælum kennara. Hljóðskráin ætti að verða „mp4“ skrá þegar þú færir hana úr Garageband. Bættu að lokum við „sjálfu“ af þér og gesti eða meðstjórnanda til að loka þessari stuttu vinnubók. Að lokum er svo stuttar ígrundunar spurningar fyrir þig að svara til að fara yfir hvað fór vel eða mætti bæta í fyrsta þættinum.



Að lokum eru svo fjölmargar leiðir eru svo til að birta hlaðvarpið þitt opinberlega en ekki verður farið í saumana á því hér að þessu sinni.



Hvað fór vel í fyrsta þættinum?

Hvað getur þú gert til að gera hlaðvarpið enn betra?
